

AUGLÝSING

91

5. maí

um breyting á gjaldskrá fyrir sjóveitu Vestmannaeyjakaupstaðar,
nr. 46 29. marz 1938.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Verð á sjó til fiskþvotta skal vera 2 krónur fyrir hverja smálest af ísvörðum, hraðfrystum, söltuðum og þurrkuðum fiski.

2. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 28 8. sept. 1931, um sjóveitu í Vestmannaeyjum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 28 16. marz 1940.

Atvinnumálaráðuneytið, 5. maí 1950.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

92

9. maí

um breyting á reglugerð nr. 161 frá 7. des. 1944, um breyting á reglugerð um fjallskil í Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 48 frá 29. maí 1934.

1. gr.

Í stað orðanna í 3. gr., 1. mgr., „Markaskrá skal samin 5. hvert ár, þegar ártalið stendur á heilum tug eða hálfum“, komi: Markaskrá skal samin 10. hvert ár, þegar ártalið stendur á hálfum tug.

Í stað orðanna „5. hvert“ í 2. mgr. komi: 10. hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem samin hefur verið og samþykkt af sýslunefnd Norður-Múlasýslu og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. maí 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.